

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Vesturbyggð.

1. gr.

Af hundum og köttum í Vesturbyggð utan lögbýla skal innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjaldskránni er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Vesturbyggð nr. 635/2012 og samþykktar um kattahald og gæludýrahald annað en hundahald í Vesturbyggð á starfssvæði heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis nr. 81/2018.

2. gr.

Við leyfisveitingu hunda og katta skal innheimta gjald sem hér segir og er það jafnframt árgjald það árið:

Fyrsta leyfisveiting fyrir hund	20.917 kr.
Fyrsta leyfisveiting fyrir kött	5.543 kr.
Leyfisveiting fyrir hund eftir útrunninn frest	27.301 kr.
Bráðabirgðaleyfi fyrir hund	7.405 kr.

3. gr.

Af leyfðum hundum og köttum skal innheimta árlega eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn hundur	16.949 kr.
Einn köttur	7.931 kr.

4. gr.

Greiðslur vegna trygginga og árleg hundahreinsun eru innifaldar í leyfisgjaldi.

5. gr.

Við afhendingu handsamaðra hunda og katta skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending hunds	18.833 kr.
Önnur afhending hunds	37.665 kr.
Þriðja afhending hunds	37.665 kr.
Fyrsta afhending hunds án leyfis	43.984 kr.
Handsömun á ketti	7.931 kr.

Óheimilt er að afhenda hunda og ketti án leyfis nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferða.

6. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 15. febrúar og eindagi 15. mars ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga skv. lögum um vexti og verðtryggingar nr. 38/2001.

7. gr.

Undanþegnir leyfisgjaldi eru leitarhundar björgunarsveita og hjálparhundar fatlaðra og skal ljósrít af viðurkenningu um þjálfun þeirra afhendast við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

8. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Vesturbyggðar á 18. fundi 11. desember 2025, er sett samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, samþykkt um hundahald í Vesturbyggð nr. 635/2012 og samþykkt um kattahald og gæludýrahald annað en hundahald í Vesturbyggð á starfssvæði heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis nr. 81/2018. Gjaldskráin öðlast þegar gildi og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Vesturbyggð, nr. 1735/2024.

Vesturbyggð, 17. desember 2025.

Gerður Björk Sveinsdóttir bæjarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 7. janúar 2026